

2. Stjórnarfundur FORMA 2010 – 2011

Dags: 10. nóvember 2010

Tími: kl. 16:30

Staður: Gamli skóli

Mætt: Drífa Þorgrímsdóttir, Helgi Þ. Svavarson, Herdís Zóphóníasdóttir, Ívar Ragnarsson, Ólína Freysteinsdóttir og Ómar Pétursson.

1. Fundarsetning

Herdís Zóphóníasdóttir setti fund og skýrði frá því að Herdís Ívarsdóttir hefði af persónulegum ástæðum sagt sig úr stjórn FORMA og þar með frá formennsku í félaginu.

2. Kosning í embætti

Ívar Ragnarsson var kjörin formaður stjórnar FORMA og Drífa Þorgrímsdóttir ritari.

Herdís mun hafa samband við Steinunni Bennu Hreiðarsdóttur til þess að athuga hvort hún gefi kost á sér í stjórn FORMA.

3. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir bárust við fundargerð síðasta fundar og telst hún því samþykkt. Ítrekað var að fundagerðir verði sendar til Sverris Páls ritstjóra heimasíðu MA eftir að þær hafa verið samþykktar.

4. Dreifibréf til salarleigjenda.

Bréf til salarleigjenda þar sem FORMA óskar eftir því að ólögráða nemendum séu ekki leigðir salir til partýhalds vegna busa- og böðlapartía hefur enn ekki verið yfirfarið en Ívar mun gera það og senda Herdís Zóphóníasdóttur það síðan til dreifingar. Ennfremur verður sent rafrænt til allra stjórnarmanna.

Herdís ætlar að hafa samband við forsvarsmann framsóknarhúsinu þar sem fréttist af busapartýi fyrir skömmu.

5. Busapartýin

Rætt um busapartýin og hugmyndir að leiðum til að sporna við umræddu partýstandi en svo virðist sem margt megi mun betur fara í umræddum partýum. Jafnframt var rætt um það jákvæða og góða sem hlýst af sambandi böðla og busa. Forvarnarkvöldið var rætt en góð þátttaka var á því í fyrra.

6. Fundur með stjórn Hugins

Ívar mun reyna að koma á fundi fimmtudaginn 25.11. kl. 16:30 – 17:00 með 2 – 3 stjórnarmeðlimum FORMA og stjórn Hugins.

7. Skálaferðir 1. bekkinga

Rætt um skálaferðirnar, fyrirkomulag og hversu margir bekkir hefðu farið í þær nú í ár. Herdís mun kanna það. Hugmyndir um meiri aðkomu kennara að skálaferðunum voru ræddar. Ívar ætlar að ræða við Jón Má og m.a. m.t.t. launakostnaðar kennara. Helgi ætlar að setja grófa kostnaðaráætlun niður á blað.

Næsti fundur er ákveðinn í Gamla skóla 8. desember kl. 16.30

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 17.38

Drífa Þorgrímsdóttir
ritari